

Fundargerð

17. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 2. nóvember 2021, í fundarsal E, Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarsson, ~~Eiríkur Mörk Valsson~~, ~~Björg Ágústsdóttir~~, ~~Björgvin Víkingsson~~, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð – Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 16. samþykkt. Engin rafræn erindi á milli funda, en tilkynningar frá skrifstofu s.s. útsending á lokaskjali af, 34. reglugerð um Meistaramót Íslands í götuhlaupum, sem hafði verið samþykkt af stjórn.

2. Hlaupaverkefnið – Heimsókn og greinargerð langhlaupanefndar.

Fulltrúar langhlaupanefndar komu til fundar með stjórn og kynntu greinargerð. Tillaga að innleiðingu á gjaldi (óverulegu) vegna skráningar á afrekaskrá og grunn að félagatali almenningshlaupara FRÍ. Nefndin leggur til að undirbúningur sé þrjúþættur: (1) Afreksskrá þarf að vera að fullu komin í gagnid og lestur gagna frá hlaupahöldurum inn í afreksskrá þarf að vera algjörlega á hreinu og án vandkvæða. (2) Ferli fyrir vottun hlaupa allt frá umsókn til birtingu úrslita þarf að liggja fyrir ásamt gjaldskrá. (3) Fundað með hlaupahöldurum þar sem farið er yfir ástæðu gjaldsins, vottun hlaupa og jafnframt farið yfir innheimtuferlið. Líflugar og efnismiklar umræður. Niðurstaðan var, um leið og stjórn FRÍ þakkaði fyrir góða vinnu og greinargerð, að setja tillögur nefndarinnar í farveg. Góðum skrefum náð í góðri vinnu.

3. Fjármál 2021 og 2022

Gjaldkeri gerir grein fyrir því að á næsta fundi stjórnar 16.11.21 verði birting 2021 og 2022.

4. Afrekssjóður FRÍ

Afreaksstjóri gerir grein fyrir undirbúningsvinnu. Stefnt að afgreiðslu á seinni úthlutun 16.11.21.

5. Formannafundur og uppskeruhátíð 27.11.21

Formanni falið að setja saman dagskránnu með föstum dagskráratriðum og skrifstofu að boða opin rafrænan formannafund 27.11 nk.. Verkefnastjórar FRÍ hafa kynnt hugmyndir að uppskeruhátíð. Stjórn FRÍ tekur undir hugmyndir. Óvissa með samkomutakmarkanir framtíðar.

6. Sveitarfélögin - Aðstaða

Erindi var sent á sveitarfélög sem hafa sérstaka frjálsíþróttaaðstöðu eða þar sem aðildarfélög FRÍ eru starfandi sbr. síðasta stjórnarfund. Svör bárust frá nokkrum sveitarfélögum í anda jákvæðni.

7. Þjóðarleikvangur

Framkvæmdastjóri og ritari gerðu grein fyrir því að nú er verið að dropa steininn fyrir næsta skref sem er að geta hafið undirbúning, skipulagsvinnu og hönnun á þjóðarleikvangi á suðursvæðinu. Eins og áður er stjórnarsýslan tafsöm og ýmis ljón í veginum.

8. Önnur mál

a. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir EAA Congress / Convention í Sviss. Einnig Norðurlanda og smáþjóðafund að auki. Margt fyrirhugað sem þarf að setja í farveg.

b. 75 ára afmælið og Ársþing FRÍ. Gert grein fyrir undirbúningi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:05 með því að fundarmenn sögðu sögur frá bikarmótum.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.